

9. júní 2012 | Blaðaukar | 177 orð | 1 mynd

Þekkingarmiðstöðin opnuð

- Aðgengi að upplýsingum næsti stóri áfangi í málum fatlaðra



Fötlun Mikilvægt er að bæta aðgengi fatlaðra að upplýsingum ekki síður en að t.d. fólk í hjólastól komist greiðar leiðar sinnar. — Morgunblaðið/Ernir

Ný þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar var opnuð í gær, jafnhliða því sem 36. sambandsþing samtakanna hófst. Hlutverk miðstöðvarinnar er tákn um næsta stóra áfanga í málefnum fatlaðra, það er að auka aðgengi að upplýsingum sem gagnast fötluðu fólki.

Ný þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar var opnuð í gær, jafnhliða því sem 36. sambandsþing samtakanna hófst. Hlutverk miðstöðvarinnar er tákn um næsta stóra áfanga í málefnum fatlaðra, það er að auka aðgengi að upplýsingum sem gagnast fötluðu fólki.

Upplýsingarnar sem starfsfólk miðstöðvarinnar safnar og miðlar snerta allt mögulegt sem getur gert fötluðu fólki lífið léttara. Sem dæmi má nefna upplýsingar um réttindi fatlaðra einstaklinga, um aðgengi og aðstæður á ýmsum stöðum og húsakynnum, hvort sem er í leik eða starfi, um hentug hjálpartæki fyrir mismunandi fötlun við ýmsar aðstæður, svo fátt eitt sé nefnt. Starfsmenn miðstöðvarinnar svara fyrirspurnum í viðtölum á skrifstofunni, í síma, í gegnum vef miðstöðvarinnar eða í tölvupósti, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Þjónustan öllum veitt

Þjónustan er ekki eingöngu veitt fötluðu fólki, heldur er aðstandendum, vinum og vandamönnum velkomið að nálgast upplýsingar sem gagnast geta fötluðu fólki. Einnig mun Þekkingarmiðstöðin nýtast fyrirtækjum, stofnunum og hinum ýmsu fagaðilum. Miðstöðin er til húsa í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12 og verður opin á virkum dögum frá kl. 10 til 16. Vefsíðan er www.thekkingarmidstod.is og netfangið er thm@sjalfsbjorg.is

